

Tillaga til ályktunar.

Bónusgreiðslur til starfsmanna fyrirtækja sem ganga vel eru áhrifarík leið til að stuðla að góðum árangri fyrirtækja. Sjálfsagt er að starfsfólki sé umbunað fyrir góð störf ef aðstæður leyfa.

Hingað til hafa svona bónusgreiðslur aðeins runnið tli æðstu stjórnenda og það er miður. Fyrirtæki er heild sem samanstendur af ótal starfsmönnum með ólíkar skyldur og ólík verkefni. Allir starfsmenn stuðla að góðum árangri. Ekki bara stjórnendur.

Flokksstjórn Samfylkingarinnar ályktar að bónusgreiðslur fyrirtækja skuli dreifast jafnt milli allra starfsmanna þeirra en ekki aðeins til æðstu stjórnenda eins og hingað til hefur verið lenska.

Flutningsmaður: Teitur Atlason